Jólasveinavettlingar

Þessi vettlingur er prjónaður á prjóna nr. 2 úr Kambgarni. Munstrið fann ég á rússneskri vefsíðu og hef ekki hugmynd um uppruna þess. Ég giska á að sýnishornið passi á 2-3 ára barn. Athugið að hægt er prjóna úr grófara garni og á grófari prjóna ef vettlingurinn á að vera stærri en þetta sýnishorn.

Fitjaðar eru upp 36 lykkjur og prjónað stroff í 10 umferðir: 1 slétt lykkja og 1 brugðin til skiptis. Hér er stroffið tvílitt en það má allt eins vegar einlitt (rautt) og er auðveldara að prjóna það þannig.

Eftir stroff er prjónuð 1 umferð með rauðu (fyrst umferð í munstrinu á belgnum) og um leið aukið út um 6 lykkjur svo alls eru 42 lykkjur á prjónunum.

Haldið síðan áfram með munstrið og prjónið allt sem er hvítt og rautt. Á sýnishorninu er sama munstur báðum megin á vettlingnum en líklega er auðveldara að prjóna „lýs“ (það sem var kallað „flær“ á Íslandi í gamla daga) í lófanum.

Prjónaður er laus garnspotti þar sem þumallinn á að koma (og þær lykkjur seinna teknar upp). Á munstrinu er þetta merkt með feitu svörtu striki.

Úrtakan efst á vettlingnum er þannig:

Á fyrsta prjóni:
Prjóna 1 lykkju;
Prjóna næstu 2 lykkjur sléttar saman.

Í lok annars prjóns:
Taka þriðju síðustu lykkju óprjónaða, prjóna næstu lykkju og steypa þeirri óprjónuðu yfir hana;
Prjóna 1 lykkju.

Þriðji prjónn er prjónaður eins og sá fyrsti, fjórði prjónn eins og annar prjónn. Þegar örfáar lykkjur eru eftir er klippt á bandið, það þrætt í gegnum lykkjurnar og herpt vel.

Þumall
Teknar eru upp 2x7 lykkjur þar sem garnspottinn var = 14 lykkjur. Að auki eru teknar upp 2 lykkjur hvoru megin (til að ekki myndist gat) og þær prjónaðar saman í næstu umferð svo alls eru 16 lykkjur á prjónunum. Mælt er með því að prjóna þumalinn á þrjá prjóna.

Prjónaðar eru 9 umferðir og þá hefst úrtakan. Tekið er úr eins og efst á vettlingnum nema aukalykkjum milli úrtekinna lykkja er sleppt.

Augun

Í lokin eru augun saumuð í jólasveininn með bláu garni. Saumað er með prjónaspori, sjá myndband á Garnstudio.no.

Munstrin eru á næstu síðum.

Hægri vettlingur



Vinstri vettlingur



Hægri vettlingur með lúsum í lófa



Vinstri vettlingur með lúsum í lófa